

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Miðvikudaginn 28. júní 2006 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 16⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen sem átti að baki lengsta setu í sveitarstjórn af nýkjörnum fulltrúum í hreppsnefnd Höfðahrepps setti fundinn og stjórnaði kjöri oddvita.

Adolf lagði til að sveitarstjóri ritaði fundargerð og var það samþykkt.

1. Kosning oddvita og varaoddvita

Í kosningu um oddvita hlaut Adolf H. Berndsen þrjú atkvæði og Sigríður Gestsdóttir fékk tvö atkvæði. Adolf var því kosinn oddviti.

Í kosningu um varaoddvita hlaut Birna Sveinsdóttir þrjú atkvæði en Erla Jónsdóttir tvö atkvæði. Birna var því kosin varaoddviti.

2. Tillaga um ráðningu sveitarstjóra

Oddviti lagði til að honum verði falið að semja við Magnús B. Jónsson um starf sveitarstjóra og leggja þann samning fram til samþykktar hreppsnefndar. Sigríður og Erla óskuðu bókað að þær teldu rétt að auglýsa starf sveitarstjóra. Tillaga oddvita var borin upp samþykkt með þremur samhljóða atkvæðum. Magnús vék af fundi við umræðu og afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

3. Breytingar á samþykkt um stjórn og fundarsköp hreppsnefndar

Fyrir fundinum lá tillaga að breytingum á samþykkt um stjórn og fundarsköp hreppsnefndar frá því í desember 1999. Tillagan fól m.a. í sér að nefndum, ráðum og stjórnnum er breytt verulega skv. 52. gr. samþykktanna.

Umræður urðu um samþykktirnar en ákveðið að vísa þeim til annarrar umræðu.

4. Kosning í nefndir, ráð og stjórnir

Eftirtalin voru kosin í nefndir og ráð á vegum Höfðahrepps:

a) Fræðslunefnd:

Birna Sveinsdóttir, formaður	til vara	Guðmundur Finnbogason, varaformaður
Gígja Óskarsdóttir	til vara	Fannar Viggósson
Aðalheiður Árnadóttir	til vara	Björn Hallbjörnsson
Jóhannes Indriðason	til vara	Erla Jónsdóttir
Vigdís Ómarsdóttir	til vara	Einar Ásgeirsson

b) Tórstunda og menningarmálanefnd:

Jensína Lýðsdóttir formaður	til vara	Birna Sveinsdóttir, varformaður
Helena Bjarnadóttir	til vara	Gígja Óskarsdóttir
Valdimar Björnsson	til vara	Björk Sveinsdóttir
Guðjón Ebbs Guðjónsson	til vara	Þröstur Árnason
Róbert Gunnarsson	til vara	Kristín Leifsdóttir

Hreppsnefnd Höfðahrepps **Fundargerðir**

c) Skipulags og byggingarnefnd:

Magnús B. Jónsson, formaður	til vara	Halldór Ólafsson, varaformaður
Björn Hallbjörnsson	til vara	Pétur Eggertsson
Vilhelm Harðarson	til vara	Hjalti Reynisson
Pórarinn Grétarsson	til vara	Hjörtur Guðmundsson
Svenný Hallbjörnsdóttir	til vara	Ólafur Ásgeirsson

d) Hafnarnefnd

Adolf H. Berndsen, formaður	til vara	Valdimar Björnsson, varaformaður
Jóhann Sigurjónsson	til vara	Guðjón Guðjónsson
Árni Sigurðsson	til vara	Eðvarð Ingvason
Gunnar Sveinsson	til vara	Jón Sveinsson
Sævar Hallgrímsson	til vara	Búi Birgisson

e) Héraðsnefnd A-Hún

Adolf H. Berndsen
Birna Sveinsdóttir
Sigríður Gestsdóttir

Varamenn:

Halldór G. Ólafsson
Jensína Lýðsdóttir
Erla Jónsdóttir

f) Stjórn Félagsþjónustu A-Hún

Magnús B. Jónsson
Birna Sveinsdóttir
Sigríður Gestsdóttir

Varamenn:

Adolf H. Berndsen
Halldór G. Ólafsson
Erla Jónsdóttir

g) Ársþing SSNV

Adolf H. Berndsen	til vara	Magnús B. Jónsson
-------------------	----------	-------------------

h) Kjörstjórn

Lárus Æ. Guðmundsson, formaður	til vara	Guðbjörg Ólafsdóttir
Steindór R. Haraldsson	til vara	Guðný Sigurðardóttir
Ingibjörg Kristinsdóttir	til vara	Vigdís Þorgeirsdóttir

i) Skoðunarmenn reikninga

Gunnlaugur Sigmarsson	til vara	Kristín Björnsdóttir
Signý Richter	til vara	Guðrún Pálsdóttir

j) *Fulltrúi á landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga*
Magnús B. Jónsson til vara Adolf H. Berndsen

k) *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*
Magnús B. Jónsson til vara Adolf H. Berndsen

Kosningu í atvinnu- og ferðamálamálanefnd var frestað til næsta fundar svo og að taka afstöðu til hlutverks húsnæðisnefndar.

5. Önnur mál

Umræður urðu um fundartíma hreppsnefndar en ákvörðun um fasta fundartíma frestað til næsta fundar sem stefnt er að 6. júlí n.k.

Fram kom að stefnt er að héraðsnefndarfundi 5. júlí n.k. en dagskrá lá ekki fyrir.

Til umfjöllunar var tekin till kynning félagsmálaráðherra um að umsýsla atvinnuleysistrygginga flytjist til Skagastrandar. Í tilkynningu ráðherra kemur fram að gert er ráð fyrir að um 6-8 stöðugildi verði að ræða.

Svohljóðandi bókun var samþykkt í tilefni þessarar tilkynningar:

“Hreppsnefnd Höfðahrepps fagnar ákvörðun félagsmálaráðherra um flutning umsýslu atvinnuleysistryggingasjóðs til Skagastrandar. Með þessari ákvörðun er stigið mjög mikilvægt skref til að styrkja og auka fjölbreytni atvinnulífs á Skagaströnd”.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 17⁴⁵

Adolf H. Berndsen
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

Sigríður Gestsdóttir
(sign)

Erla Jónsdóttir
(sign)

Halldór Ólafsson
(sign)

Magnús B. Jónsson
(sign)